

- a. bótum skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 með síðari breytingum öðrum en elli- og örorkulífeyri;
- b. 650 000 kr. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum, hjá þeim mönnum sem orðnir eru 67 ára fyrir 1. janúar 1980 eða nutu örorkulífeyris á árinu 1979.
3. Skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 4 500 000 af gjaldstofni, en 2% af því sem umfram er hjá hverjum gjaldanda.
Sjúkratryggingagjaldið skal á lagt í heilum hundruðum króna. Gjald, sem ekki nær 4 000 kr., skal felld niður við álagningu.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasam- laga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfalls- legrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979.

Gjört að Bessastöðum 14. apríl 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum
og sendiræðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt fyrirætlum 4. gr. laga nr. 39 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Genf og New York, og sendiræðisskrifstofa (aðalræðisskrifstofa) í New York.
2. Umdæmi stofnana þeirra sem nefndar eru í 1. lið hér að framan skulu vera sem hér segir:
 - a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Tyrkland og Ísrael.
 - b. Osló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Pólland og Alþýðulýðveldið Tékkóslóvakía.
 - c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Sam- bandslýðveldið Júgóslavía og Albanía.
 - d. London. Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Holland og Nígíría.

- e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Cabo Verde, Spánn og Portúgal. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni í París (OECD) og hjá Menn-ingarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
 - f. Moskva. Auk Sovétríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Búlgaría, Alþýðulýðveldið Rúmenía, Alþýðulýðveldið Ungverjaland, Lýð-ræðislýðveldið Þýskaland og Alþýðulýðveldið Mongólía.
 - g. Bonn. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki og Sviss.
 - h. Brussel. Auk Belgu skal umdæmi sendiráðsins vera Grikkland og Luxemburg. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra hjá stjórn Efnahagsbanda-lags Evrópu og fastafulltrúi hjá Norður-Atlantshafsráðinu.
 - i. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Bahama Eyjar og Kúba.
 - j. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf skal vera fastafulltrúi hjá Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum stofnunum Sameinuðu þjóð-anna sem aðsetur hafa í Genf, svo sem Alþjóðavinnu- og atvinnuáhrifastofnuninni (ILO), Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Alþjóðaveður- og loftslagsmálastofnuninni (WMO), Alþjóðafjarskiptastofnuninni (ITU), Alþjóðatollamálastofnuninni (GATT), Alþjóðaðróunarmálastofnuninni (UNCTAD) og Efnahagsmálanefnd Evrópu (ECE). Forstöðumaður fastanefndarinnar skal einnig vera fasta-fulltrúi hjá stjórn Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og auk þess sendi-herra í Kenýa, Tanzaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.
 - k. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York skal vera fasta-fulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Annar maður veiti aðalræðisskrifstofunni forstöðu.
3. Einn starfsmaður utanríkisþjónustunnar með búsetu í Reykjavík skal vera sendiherra í fjarlægum löndum, sem Ísland hefir stjórnmalasamband við, í öðrum heimsálfum en Evrópu, fyrst og fremst Asíu og Afríku, eftir því sem nauðsyn kann að krefja.
 4. Einn starfsmaður utanríkisþjónustunnar með búsetu í Reykjavík skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu og sendiherra í Vatikanríkinu.
 5. Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forseta-úrskurður nr. 15 22. mars 1976.

Gjört á Bessastöðum 8. febrúar 1980.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Benedikt Gröndal.